

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um upplýsingaskilti við regnbogann á Skólavörðustíg

Í júní 2019 samþykkti borgarstjórn einróma að koma fyrir varanlegum regnboga í Reykjavík í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá uppreisn hinsegin fólks við Stonewall Inn í New York. Regnboginn á Skólavörðustíg er minnismerki um réttindabaráttu hinsegin fólks og tákmynd áframhaldandi stuðnings Reykjavíkurborgar við mannréttindi og fjölbreytileika. Regnboginn er orðinn að einu helsta kennileiti borgarinnar. Lagt til að bæta upplýsingar um uppruna, merkingu og tilgang varanlega regnbogans á Skólavörðustíg með varanlegu upplýsingaskilti á íslensku og ensku.